



ÁLFHÓLSSKÓLI

## Þér er boðið að taka þátt í stefnumótun Álfhólsskóla

Dagur: Laugardagurinn 4. maí 2013  
Tími: Kl. 09:00 – 13:00  
Staður: Hjalli - salur  
Skráning: [hekla@kopavogur.is](mailto:hekla@kopavogur.is)

Laugardaginn **4. maí** verður haldinn stefnumótunarfundur með þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra/forráðamanna barna í Álfhólsskóla. Fundurinn verður haldinn í sal Hjalla.

Starfsmenn, nemendur 6. – 10. bekkja og foreldrar/forráðamenn barna í Álfhólsskóla eru boðnir velkomnir á þennan fjórða stefnumótunarfund Álfhólsskóla. Vakin er sérstök athygli á því að nemendur í 6. til 10. bekk eru boðnir velkomnir á þennan fund, en skilyrði fyrir þátttöku þeirra er að foreldri/forráðamaður þeirra taki þátt í fundinum með þeim og skrái barn/börn sín til þátttöku.

Sigrún Guðmundsdóttir og Hekla Hannibalsdóttir, kennarar, stýra vinnu fundarins sem **hefst klukkan 9:00 og lýkur kl. 13:00**. Þátttakendum verður skipt upp í vinnuhópa og er mikilvægt að þátttakendur geti verið með allan tímann.

**Dagskrá fundarins verður samskipti og samstarf heimila og skóla.**

**Guðni Olgeirsson, sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, verður með erindi í upphafi dags og Þorsteinn Guðmundsson leikari og grínisti kemur með innlegg til að brjóta upp dagskrána.**

Stýrihópur um stefnumótun Álfhólsskóla mun móta stefnu skólans um samskipti út frá þeim gögnum sem verða afrakstur stefnumótunarfundarins 4. maí. Miðað er við að þeirri vinnu ljúki í lok þessa skólaárs.

**Nauðsynlegt er að tilkynna þátttöku á netfangið**

[hekla@kopavogur.is](mailto:hekla@kopavogur.is)

**fyrir klukkan 16:00 fimmtudaginn 2. maí.**

Allir starfsmenn, nemendur og foreldrar/forráðamenn sem láta sig skólastarfið varða eru hvattir til að mæta og taka þannig þátt í stefnumótun Álfhólsskóla.

Með kveðju,  
Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri